

Fundargerð FFGÍR 22.mars 2010 í Akurskóla.

Fulltrúar frá Myllu-, Akur-, Holta-, og Njarðvíkurskóla. Alls sjö stjórnarmenn auk verkefnastjóra.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
2. Rætt var um fræðslu fyrir unglिंगadeildir. Verkefnastjóri ætlaði að kanna hug skólastjórnenda til fræðslu handa unglिंगum. Verkefnastjóri tekur að sér að kanna hvaða utanaðkomandi verkefni hafa verið í gangi í unglिंगadeildum í vetur 2009-2010. Verkefni eins og Ástráður, VÍS Ragnheiður Davíðsdóttir, Benni Kalli, Sigga Dís og Tölum saman. Hvað vilja skólastjórar fá í sína skóla? Hvað þarf nemendahópurinn, getur verið misjafnt eftir skólum. Hafþór og Krissi fóru í grunnskólana með forvarnarverkefni um örugga netnotkun. Fundurinn heldur að reykingar- og tóbaksforvarnir hafi ekki verið markvisst í neinum skóla í vetur.
3. Samráðshópur um Umferðaröryggisáætlun fyrir Reykjanesbæ verður stofnaður næsta miðvikudag. Anna Sigríður Jóhannsdóttir fulltrúi FFGÍR mætir á fyrsta fundi hópsins 16.mars. FFGÍR fagnar framtakinu og þakkar fyrir að eiga fulltrúa í hópnum.
4. Árshátíð 10.bekkinga 9.mars sl. Stjórnin samþykkir að taka saman í skjal upplýsingar um fyrirkomulag hátíðarkvöldverðar nemenda. Hver og einn skóli er með sína hefð.
5. Sjoppur í skólum og félagsstarf. Það eru aðeins sjoppur í skólum á vegum nemendaráða og þær eru eingöngu starfræktar á opnum húsum og diskótekum.
6. Fundurinn var upplýstur um tilvonandi könnun um viðhorf til innflytjenda á meðal grunnskólabarna. Mikilvægt að upplýsa nemendur um fjölbreytt samfélag. FFGÍR mun þýða öll skóladagatöl í Reykjanesbæ á ensku og pólsku næsta skólaár. Frumraun er nú í notkun í Myllubakkaskóla þar sem nemendur hafa aðgang að skóladagatali jan-jún 2010 á ensku og pólsku.
7. FFGÍR bauð foreldrum á fyrirlestur um hlutverk þeirra í kynfræðslu barna sinna í 15.mars sl. Fyrirlesarar voru Dagbjört Ásbjörnsdóttir og Ásdísi Olsen. Foreldrafélögin fengu glærurnar úr fyrirlestrinum sem verða settar á heimasíður foreldrafélaganna. Sagt er að börn séu tveimur árum á undan en marga grunar, þau vita ýmislegt. Það er mikilvægt að ná til foreldranna með fræðslu en ef það gengur ekki þá þarf að ná til barnanna og fræða þau.
8. Umræða um aga og vinnufrið. Agavandamál í bekkjum má reyna að leysa með því að foreldrar sitji tímabundið í tímum með börnum sínum. Mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hegðun barna sinna í skólum og bæði fagmenn og foreldrar finni lausn á vandamálum sem upp koma innan bekkja.
9. Kossakeppni á Samfés balli. Foreldrar heyrðu frásagnir af kossakeppni á Samfésballi sem haldið var í mars. Gátu starfsmenn Samfés ballsins ekki stoppað athæfið? Foreldrar senda börn sín á dansleikinn og gera ráð fyrir að velsæmis sé gætt. Sagan segir að ein stúlka hafi kysst 40 stráka.
10. Kennsla fellur stundum niður í unglिंगadeildum vegna forfalla kennara. Verkefnastjóri hefur sundurliðuð svör frá skólastjórnendum um eyður vegna forfalla. FFGÍR ætlar að senda aðra fyrirspurn í haust og bera saman við svör skólastjórnenda 2009-2010. Áhyggjuefni vegna niðurskurðar næsta haust.
11. Önnur mál
 - a. Axel Jónsson hjá Skólamat verður boðið á fund FFGÍR í lok apríl. Foreldrafélög hvers skól kanna hug foreldra til mötuneyta og safna athugasemdum um það sem betur má fara fyrir 20.apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:15 Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri